

AUGLÝSING

um breytingu á byggingarskilmálum fyrir einbýlishús við Asparlund, Eikarlund og Grenilund, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 24. janúar 2002 var samþykkt neðangreind breyting á byggingarskilmálum fyrir einbýlishúsalóðir í Lundahverfi í Skutulsfirði:

1. Horni bindandi byggingarlínu má hliðra til meðfram götu (í 5 metra fjarlægð frá götu) þannig að hornið megi staðsetja hvar sem er á bilinu 5,5 til 16,5 metra frá lóðarmörkum í norðvestur. Sama fjarlægð verður að gilda fyrir öllu hús sömu megin götu.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 26. maí 2005 var samþykkt neðangreind breyting á byggingarskilmálum fyrir einbýlishúsalóðir í Lundahverfi í Skutulsfirði:

2. Þakhalli verði að lágmarki 14° og að hámarki 24°.

Breytingin á byggingarskilmálunum var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 16. mars 2006.

Stefán Brynjólfsson skipulags- og byggingarfulltrúi.